

Nd.

555. Nefndarálit

[14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. þetta, sem áður hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breyt., sem bornar verða fram á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja frekari brtt., sem fram kynnu að koma.

Í brtt. þeim, sem n. flytur, er m. a. lagt til, að grunntölur vegna þess hluta fæðis-kostnaðar sjómanna, sem áhafnadeild aflatryggingasjóðs greiðir, skuli hækka úr 100 kr. í 125 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann vegna fiskibáta, sem eru 151 brúttórúml. eða stærri, og úr 85 kr. í 100 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann vegna fiskibáta undir 151 brúttórúml. að stærð.

Einnig er lagt til, að í bráðabirgðaákvæði verði sett heimild til þess að endurgreiða togaraeigendum úr áhafnadeild framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, er ætla má, að til deildarinnar renni af útflutningsafurðum frá togurum.

Þær brtt., sem nú hafa verið nefndar, eru fram bornar að beiðni sjávarútvegsráðuneytisins í bréfi, dags. 25. febr. 1971, í framhaldi af nýlegum kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Nefndin hefur jafnhliða þessu frv. haft til athugunar frv. á þskj. 65, flutt af Braga Sigurjónssyni, varðandi greiðslur úr áhafnadeild vegna opinna vélbáta.

Hefur nefndin tekið þetta atriði upp í till. sínar, en þó með fylfri skilyrðum en felast í frv. B. S. Hefur það frv. þar með hlotið afgreiðslu af hálfu nefndarinnar.

Í sambandi við áhafnadeildina skal þess getið, að nefndinni bárust upplýsingar um, að s. l. tvö ár hefðu ekki fengizt greiðslur úr áhafnadeildinni vegna margra minni báta, af því að þeir höfðu ekki ábyrgðartryggingu, eins og um er samið, að stærri bátar skuli hafa.

Af þessu tilefni vill nefndin láta þá skoðun koma fram, að ekki beri að svipta eigendur minni báta bótum úr deildinni af þessari ástæðu, svo framarlega sem þeir hafi lögboðnar og sammingsbundnar slysa-, líf- og örorkutryggingar í lagi, og það eins, þótt eingöngu séu eigendur á þeim bátum, er í hlut eiga.

Nefndinni er ljóst, að þegar eigendur eru sjálfir á bátum sínum, þá hafa ábyrgðartryggingar lítið sem ekkert gildi, og telur, að ekki eigi að láta bátaeigendur gjalda þess, að því er tekur til greiðslu hluta af fæðiskostnaði úr áhafnadeild.

Meðal brtt. þeirra, sem nefndin flytur, er sú viðbót við ákvæði til bráðabirgða, að heimilt verði að endurgreiða  $\frac{2}{3}$  prósentugjalda þeirra, sem renna eiga samkv. frv. til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

Nefndinni er ljóst, að umrædd gjöld leggjast þyngst á þær útflutningsvörur, sem mest eru unnar, svo sem niðursoðnar og niðurlagðar vörur. Miðast brtt. hennar við það, að á þá framleiðslu verði ekki lögð hærrí gjöld en svo, að svari til hráefnisverðs þess, sem til framleiðslu vörunnar þarf.

Nánari grein verður gerð fyrir till. nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 17. marz 1971.

Birgir Finnsson,  
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,  
fundaskr.

Guðl. Gíslason.

Jón Skaftason.

Lúðvík Jósefsson.

Björn Pálsson.

Pétur Sigurðsson.